

Ár 2023, föstudaginn 22. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Björgu Ástu Þórðardóttir, Ástu Björk Eiríksdóttur og Ernu Birgisdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 20/2023:

Þór/KA/Völsungur
gegn
Gróttu/KR

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Þórs
Knattspyrnudeild KA
Knattspyrnudeild Völsungs
Fyrirsvarsmaður: Ágústa Kristinsdóttir

Kærði:

Knattspyrnudeild Gróttu
Knattspyrnudeild KR
Fyrirsvarsmenn: Þorsteinn Ingason og Viktor Bjarki Arnarsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 21. september 2023.

II.

Kröfur:

Kærandi gerir þá kröfu að Þór/KA/Völsungi 2 verði dæmdur sigur í leik liðsins gegn Gróttu/KR í 2. flokki kvenna B-deild U20 riðli 2 sem fram fór þann 20. september 2023.

Kærði gerir þá kröfu að úrslit í leik Þór/KA/Völsungs 2 og Gróttu/KR 2. flokki kvenna B-deild U20 riðli 2 sem fram fór þann 20. september 2023 verði látin standa óhöggud.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo
„Þór/KA/Völsungur 2 og Gróttu/KR mættust í Íslandsmóti KSÍ - 2. fl. kvenna B-deild U20, riðli 2, í Boganum miðvikudaginn 20. september kl. 16. Leiknum lauk með 3-4 sigri Gróttu/KR.“

Í 30. grein reglugerðarinnar Knattspyrnumót (2023) þar sem fjallað er um 2. flokk kvenna er ákvæði til bráðabirgða keppnistímabilið 2023 þess efnis að heimilt sé að fjórir eldri leikmenn megi taka þátt í leik með 2. flokki kvenna, „sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.“

Samkvæmt leikskýrslu spilaði Margrét Selma Steingrimsdóttir (nr. 11), kt. 100598-3109, hinn kærða leik fyrir Gróttu/KR. Nefnd knattspyrnukona er skráð í KR og hefur spilað með liði meistaraflokks félagsins í Lengjudeildinni. Næsti leikur meistaraflokks KR á undan hinum kærða leik var gegn Fram í lokaumferð Lengjudeildarinnar 9. september, leikur nr. 603547 í mótakerfi KSÍ. Margrét Selma hóf þann leik (nr. 11) og telst því ekki lögleg sem einn af fjórum eldri leikmönnum með 2. flokki U20 í hinum kærða leik. Meðfylgjandi eru afrit af leikskýrslum úr hinum kærða leik og leiknum í meistaraflokki sem vísað er til í rökstuðningi.

Þar sem niðurstaða í kærumálinu og úrslit leiksins munu ráða því hvaða lið fer í undanúrslit í Íslandsmóti 2. fl. kvenna B-deild U20 (mótsnúmer 46721 í mótakerfi KSÍ), sem eru á dagskrá laugardaginn 23. september, vekur kærandi athygli á mikilvægi flýtimeðferðar þessa kærumáls.“

Eftirfarandi kemur m.a. fram í greinargerð kærða:

„Í 30. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um 2. flokk kvenna. Þar er ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2023, svohljóðandi:

„Allir leikmenn sem eru 20 ára á almanaksárinu eru hlutgengir í 2. aldursflokki kvenna keppnistímabilið 2023 og teljast ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota. Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.“

Fyrir liggur að tiltekinn leikmaður sem spilaði leikinn sem kæran varðar, lék með meistaraflokki KR í síðasta leik Lengjudeildar, þann 9. september sl. Um það er ekki ágreiningur.

Af hálfu Gróttu/KR er bent á að tímabilinu í Lengjudeild lauk eins og áður segir þann 9. september sl. Bæði Gróttu og KR léku í Lengjudeildinni í sumar og luku báðir meistaraflokkar því keppni þann dag. Síðan þá hefur sameiginlegt lið Gróttu/KR leikið 3 leiki í 2. flokki, þ.e. þann 12. september, 14. september og loks þann 20. september, sem kært er vegna. Þá er úrslitakeppnin eftir, sem Gróttu/KR hefur tryggt sér þátttökurétt í, sem er allaveg einn leikur til viðbóta og vonandi tveir. Þá á enn eftir að leika í úrslitaleik í bikarkeppni 2. flokks, sem settur hefur verið á dagskrá þann 1. október.

Þetta þýðir að ef fallist verður á kæru Þór/KA/Völsungs í málinu er þeir leikmenn Gróttu og KR, eldri en 20 ára á árinu, útilokaðir frá þátttöku í 5 leikjum með sameiginlegu liði Gróttu/KR í 2. flokki. Það er verulegur hluti spilaðra leikja í 2. flokki, og af þeirri ástæðu einni að tímabilinu í 2. flokki lýkur ekki fyrr en löngu eftir að tímabilinu í Lengjudeildinni lýkur. Ef Gróttu/KR hefði komist í úrslit bikarkeppninnar væri um 6 leiki að ræða.

Sú skýring á framangreindu ákvæði reglugerðarinnar sem kæra Þór/KA/Völsungs byggir á bitnar þá mun harðar og nær eingöngu á þeim leikmönnum sem leika með liðum í Lengjudeild, enda er enn verið að leika í Bestu deildinni og leik í 2. deild er heldur ekki lokið, þó lokaumferðin hefði átt að fara fram 15. og 16. september sl. Slík skýring og framkvæmd ákvæðisins felur í sér ómálefnalega mismunun milli leikmanna sem leika með liðum í Lengjudeildinni annars vegar og leikmönnum sem leika með liðum í Bestu deildinni eða 2. deild hins vegar.

Ef framangreind skýring verður ofan á í málinu er auðsýnt að framangreint ákvæði reglugerðarinnar er farið að vinna gegn tilgangi sínum og markmiði, með því að útiloka með tilviljunarkenndum hætti leikmenn liða Lengjudeildarinnar, sem kunna að hafa hafið síðasta leik deildarinnar, langt umfram leikmenn sem leika með liðum í Bestu deild og 2. deild. Á það getur Gróttu/KR ekki fallist. Á það er bent í því samhengi að hæglega gæti þarna verið um að ræða leikmenn sem aðallega hafi leikið með 2. flokki fram að því, en vegna meiðsla, leikbanna og annarra ástæðna hafi hafið leik í síðustu umferð Lengjudeildarinnar. Af þeirri ástæðu væru viðkomandi leikmenn því útilokaðir frá frekari þátttöku með 2. flokki, þó töluverður fjöldi leikja geti enn verið óleikinn.

Af hálfu Gróttu/KR er byggt á að slík skýring og framkvæmd ákvæðisins fái ekki staðist. Orðalag greinarinnar verði að lesa í samhengi við önnur ákvæði reglugerðarinnar og til samræmis við tilgang þess og markmið, þ.e. að leitast við að hafa verkefni fyrir viðkomandi leikmenn, auk þess að auðvelda félögum að halda úti liðum í 2. flokki kvenna, sem eins og kunnugt er hefur verið áskorun fyrir mörg félög.

Gróttu/KR byggir á að það hljóti að þurfa að vera tímamörk á því hversu lengi eftir síðustu umferð Lengjudeildar leikmönnum er bannað að spila með 2. flokki. Sýnist ein vika eða jafnvel einn leikur í 2. flokki skynsamleg regla í þeim efnum. Minnt er á að Gróttu/KR hafði þegar spilað 2 leiki í 2. flokki frá því að Lengjudeildin kláraðist, og hinn kærði leikur var sá þriðji í röðinni. Þá er úrslitakeppnin einnig eftir.

Með vísan til framangreinds krefst Gróttu/KR þess að úrslit leiksins standi óhögguð.“

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag Gróttu/KR hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í leik liðsins við Þór/KA/Völsung 2 í Íslandsmóti 2. flokks kvenna B deild, sem leikinn var 20. september sl. á Akureyri.

Í gögnum málsins liggur fyrir að í umræddum leik Þór/KA/Völsungs 2 og Gróttu/KR hafi leikmaður nr. 11 í Gróttu/KR Margrét Selma Steingrímsdóttir tekið þátt í leiknum. Óumdeilt er að sami leikmaður hóf næsta leik á undan með meistaraflokki KR í Lengjudeild kvenna gegn Fram þann 9. september 2023.

Stangast það á við ákvæði til bráðabirgða vegna keppnistímabilsins 2023 sem finna má í 30. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Um ræðir undantekningarákvæði vegna hlutgengi leikmanna í 2. aldursflokki sem sett var til bráðabirgða. Túlka verði undantekningarákvæði þröngt og samkvæmt orðanna hljóðan. Samkvæmt ákvæðinu megi aðeins fjórir eldri leikmenn vera þátttakendur í hverjum leik í 2. aldursflokki

kvenna en þó aðeins ef viðkomandi leikmenn hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan. Að mati nefndarinnar er að óbreyttu ekki uppi forsendur til að styðjast við aðrar tülkanir á ákvæði 30. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Lið Gróttu/KR í framangreindum leik liðsins við Þór/KA/Völsung 2 í Íslandsmóts 2. flokks kvenna, var því ólöglega skipað í skilningi 36. greinar reglugerðar um knattspyrnumót. Hefur það í för með sér að lið Gróttu/KR telst hafa tapað leiknum og verður Þór/KA/Völsungi 2 úrskurðaður sigur með markatölunni 3-0 í leik liðanna þann 20. september 2023 í Íslandsmóti 2. flokks kvenna.

Skylt er samkvæmt grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skulu kærðu knattspyrnudeild Gróttu og knattspyrnudeild KR sæta sekt að samanlögðu kr. 50.000,- til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Þór/KA/Völsungur 2 og Gróttu/KR í Íslandsmóti 2. flokks kvenna B deild, þann 20. september sl., er breytt og Þór/KA/Völsungi úrskurðaður 3-0 sigur í leiknum.

Kærðu, knattspyrnudeildir Gróttu og KR greiði sekt að samanlögðu kr. 50.000,- til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]